ÁRSSKÝRSLA 2021

Ársfundur 8. júní 2022
www.smennt.is

Starfsmennt
FRÆÐSLUSETUR
20 ÁRA

Ársskýrsla 2021

© Fræðslusetrið Starfsmennt, júní 2022
Ábyrgðarmaður Guðfinna Harðardóttir

Skipholti 50b
105 Reykjavík

Sími 550 0060
Netfang: smennt@smennt.is
Veffang: www.smennt.is

Efnisyfirlit

1. Um Starfsmennt 2
Stjórn og starfsmenn 2
2. Starfsárið 2021 – samantekt 4
3. Námsframboð og skráningar 5
Heildarframboð, skráningar og þátttaka 5
Hlutfallsleg skipting skráninga eftir stéttarfélagsaðild 5
Vefnám – staðnám – blandað nám 7
4. Nám, námsleiðir og viðburðir á vegum Starfsmenntar 8
Nám og viðburðir eftir innihaldi 8
Samstarf við stofnanir um nám og fræðslu 10
5. Ráðgjöf á sviði fræðslu og mannauðseflingar 11
6. Þróunarverkefni, samstarf og kynningar 12
Innlent samstarf og þróunarverkefni 12
Erlent samstarf 14
Kynningar og viðburðir í tilefni 20 ára afmælis Starfsmenntar 15
7. Fjármögnun og rekstur 17
Viðauki – Námsframboð og skráningar árið 2021 19

1. Um Starfsmennt

Fræðslusetrið Starfsmennt var stofnað árið 2001 og er samstarfsvettvangur fjármála- og efnahagsráðuneytis og flestra aðildarfélaga BSRB um starfstengt nám, starfsþróun og ráðgjöf. Hlutverk setursins er að styðja færniþróun opinberra starfsmanna svo þeir séu betur í stakk búnir til að takast á við sífellt fjölbreyttari verkefni og jafnframt að auka möguleika stofnana á að þróa starfsvið sitt þannig að það samræmist þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra á hverjum tíma.

Starfsmennt miðar að því að vera leiðandi starfsmenntar- og ráðgjafamiðstöð og eftirsóknarverður samstarfsaðili í viðleitni opinberra stofnana til að efla fagmennsku og færni í starfi og í að skapa uppbyggilegt og hvetjandi vinnuumhverfi. Starfsmennt er hugmyndabanki, umsjónaraðili og framkvæmdaaðli að verkefnum sem lúta að starfsþróun ríkisstarfsmanna, metur þörf fyrir fræðslu hjá einstökum stofnunum eða stofnanahópum og hefur frumkvæði að því að búa til námskeið sem svara þeirri þörf. Hlutverk Starfsmenntar eru að

- bjóða opinberum starfsmönnum víðtæka möguleika til menntunar og þroska,
- aðstoða stjórnendur við mótun vinnustaðamenningar og starfsumhverfis sem miðar að því að auka ánægju og hvatningu í starfi.

Nám og ráðgjöf Starfsmenntar eru stofnunum og starfsmönnum ríkisins að kostnaðarlausu ef um er að ræða þjónustu við starfsmenn sem eru félagsmenn í aðildarfélögum fræðslussetursins. Gerðir hafa verið samstarfssamningar við ýmsa mannauðssjóði bæjarstarfsmannafélaga, sjóði háskólamanna, annarra stéttarfélaga og Fræðslusjóð til að fleiri hópar geti nýtt námskeiðin og að ráðgjöf til stofnana nái til sem flestra starfsmanna þeirra.

Stjórn og starfsmenn

Stjórn Starfsmenntar er skipuð eigendum setursins til jafns, tveimur fulltrúum frá stéttarfélögum og tveimur fulltrúum frá fjármála- og efnahagsráðuneyti. Engin breyting varð á fulltrúum í stjórn milli ára og var hún því svo skipuð árið 2021:

Aðalmenn:

- Þórarinn Eyfjörð, formaður (Sameyki – stéttarfélag í almannaþjónustu)
- Einar Mar Þórðarson varaformaður (fjármála- og efnahagsráðuneyti)
- Arna Jakobína Björnsdóttir (KJÖLUR – stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu)
- Elín Valgerður Margrétardóttir (fjármála- og efnahagsráðuneyti)

Varamenn:

- Aldís Magnúsdóttir (fjármála- og efnahagsráðuneyti)
- Jóhanna Þórdórsdóttir (Sameyki – stéttarfélag í almannaþjónustu)
- Halldóra Friðjónsdóttir (fjármála- og efnahagsráðuneyti)
- Þórveig Þormóðsdóttir (Félag starfsmanna stjórnarráðsins)

Stjórn hélt ellefu fundi á árinu, þar af voru tveir fundir haldnir með varamönnum. Fundir haldnir á vormisseri fóru allir fram á Teams en um haustið hóf stjórn að funda að nýju í húsnæði Starfsmenntar. Ársfundur var haldinn 27.maí 2021 og var hluti hans nýttur í hugarflug með starfsfólki um verkefni Starfsmenntar og 20 ára afmæli Fræðslusetursins.

Stjórn og starfsfólk Starfsmenntar árið 2021

Árið 2021 voru starfsmenn alls sex í 5,4 stöðugildum og voru engar breytingar á starfsmannahópnum milli ára. Starfsmenn voru Björg Valsdóttir, skrifstofustjóri, Guðfinna Harðardóttir, framkvæmdastjóri, Helga Rún Runólfsdóttir, mannauðráðgjafi, Júlía Hrönn Guðmundsdóttir, Soffía Guðný Santacroce og Sólborg Alda Pétursdóttir, verkefnastjórar. Guðrún H. Sederholm sinnti sem fyrr náms- og starfsráðgjöf í verktöku. Starfsmannafundir urðu alls 13 árið 2021. Í lok sumars sagði Júlía Hrönn Guðmundsdóttir upp störfum og hvarf til annarra verkefna um miðjan október.

Skoðunarmenn ársreikninga og löggiltir endurskoðendur voru frá endurskoðunarskrifstofunni Ernst & Young.

2. Starfsárið 2021 – samantekt

Árið 2021 voru tuttugu ár liðin frá stofnun Starfsmenntar og einkenndist árið því af þessum tímamótum. Nýtt lógó var hannað og nokkrir viðburðir haldnir í tilefni stórafmælisins m.a. bauð Starfsmennt upp á ókeypis veffyrirlestra um stafræna hæfni, umhverfisvernd og menningarnæmi og var ásóknin mjög góð. Hápunktur ársins var afmælisveislan sem var haldin 14.október á Grand hótel. Fulltrúar hagsmunaaðila, kennarar, samstarfsaðilar og aðrir velunnarar Starfsmenntar fengu boð í veisluna og sáu 75 manns sér fært að mæta, njóta stundarinnar og léttra veitinga og hlýða á erindi Herdísar Pálu Pálsdóttur um breytingar á vinnumarkaði.

Notkun rafrænna miðla í námi festi sig enn betur í sessi árið 2021 þegar átta af hverjum tíu þátttakendum sóttu nám og viðburði í gegnum vefmiðla. Afar áhugavert hefur verið að fylgjast með þessari hröðu þróun og hversu vel þátttakendur og kennarar hafa aðlagast breytingunum. Vefnámið er svo sannarlega komið til að vera enda samræmist formið kröfum notenda um stutta og snarpa fræðslu.

Árið 2021 voru viðburðir og fræðslutilboð á vegum Starfsmenntar alls 425 sem er mikil fjölgun frá árinu á undan þegar þau voru 290. Skráningum fjölgaði að sama skapi milli ára úr rétt rúmlega 3.100 árið 2020 í 6.035 árið 2021. Þar munar einna mestu um fræðslu til stuðnings betri vinnutíma í vaktavinnu en skráningar á þau námskeið námu nærri 2.800.

Áfram var lögð áhersla á að bjóða námskeið til að efla stafræna hæfni og aðra þá þætti sem eru mikilvægir fyrir vinnumarkaðinn og einstaklinga til að viðhalda atvinnuhæfni sinni. Stafræna byltingin krefst ekki aðeins hæfni til að nota tækni og stafræna miðla heldur þarfnast samfélagið þess að mannveran rækti með sér sína mannlegu eiginleika eins og tilfinningagreind, þrautseigju, gagnrýna hugsun og sköpun. Framboð og eftirspurn árið 2021 endurspegla þessa þörf að miklu leyti og m.a. má merkja stóraukna eftirspurn eftir fræðslu til stuðnings heilbrigðu vinnuumhverfi og jákvæðum samskiptum á vinnustað.

Ýmis konar samstarf hélt áfram á árinu og lokahönd var lögð á nokkur verkefni. Tilraunaverkefni um raunfærnimat til styttingar náms skv. námskrám framhaldsfræðslunnar fyrir starfsfólk íþróttamannvirkja og sundlaugaverði lauk á árinu. SÍMEY á Akureyri stýrði því verkefni en Starfsmennt átti fulltrúa í stýrihópi. Tilraunaverkefni um raunfærnimat á móti viðmiðum starfs sérhæfðs þjónustufulltrúa lauk einnig á árinu í samvinnu við Fræðslumiðstöð atvinnulífs, Vinnumálastofnun og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Formlegar útskriftir þátttakenda fóru fram á starfsstöð Vinnumálastofnunar á Skagaströnd þann 19. maí og á starfsstöð Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar á Sauðárkróki þann 11. júní. Þá var námsefni við vefnámskeiðið *Stafræna hæfnihjólið* endurskoðað og nokkur myndbönd endurgerð en námskeiðið er í boði fyrir alla endurgjaldslaust.

Erlenda samstarfsverkefninu *Transforming VET 4.0*, sem laut að þeim áskorunum sem starfsmenntun og starfsmenntakennarar standa frammi fyrir í tengslum við fjórðu iðnbyltingun, lauk um miðjan maí með þriggja daga veffundi í umsjón Starfsmenntar. Verkefnið *Com(m) on-line*, sem hófst í árslok 2020, var hins vegar sett á ís sökum kórónaveirunnar og sótt um framlengingu til landsskrifstofu Erasmus+ í Belgíu. Markmið þess verkefnis er að skilja betur hvaða kennslufræði hentar efni og aðstæðum hverju sinni þegar kennsla og nám fara fram um stafræna miðla.

Starfsmennt tók gæðahandbók og gæðakerfi sitt til gagngerrar endurskoðunar á árinu og sótti um endurnýjun EQM vottunar hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífs. Úttekt skv. EQM viðmiðum um fræðslu, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat fór fram í desember og hlaut Starsmennt endurnýjun gæðaviðurkenningar í kjölfarið til þriggja ára með gildistíma frá 1. janúar 2022.

3. Námsframboð og skráningar

Starfsmennt býður upp á margs konar nám og viðburði og er hluti þess opinn öllum en sumt einungis ætlað félagsmönnum aðildarfélaga Fræðslusetursins, tilteknum starfshópum eða starfsfólki tiltekinna stofnana. Heimsfaraldur kórónaveirunnar hélt áfram að hafa áhrif á starfsemina árið 2021 en áhrifin voru minni en árið á undan. Þó svo fleiri viðburðir hafi verið felldir niður árið 2021 en árið á undan þá voru þeir hlutfallslega færri þegar á heildina er litið og helgaðist niðurfellingin aðallega af þátttökuleysi en ekki kórónaveirunni. Þannig voru færri þátttakendur afboðaðir árið 2021 en árið á undan eða 176 á móti 217.

Heildarframboð, skráningar og þátttaka

Árið 2021 voru námstilboð, viðburðir og raunfærnimatsverkefni á vegum Starfsmenntar alls 425 eða nærri tvöfalt fleiri en árið á undan þegar þau voru 264. Skráningum[1] í nám og á viðburði á vegum Starfsmenntar fjölgaði einnig töluvert eða um 94% milli ára, úr 3.107 árið 2020 í 6.035 árið 2021 (sjá töflu 1). Helstu ástæður aukningarinnar má rekja til þátttöku á vefnámskeiðum um breyttan vinnutíma í vaktavinnu, sem haldin voru í upphafi árs.

Tafla 1. Nám, námsleiðir og viðburðir á vegum Starfsmenntar, framboð og skráningar 2017-2021

	Framboð		Skráning	
	Fjöldi	Breyting frá fyrra ári	Fjöldi	Breyting frá fyrra ári
Árið 2021	425	61%	6.035	94%
Árið 2020	264	-9%	3.107	14%
Árið 2019	290	-3%	2.730	-23%
Árið 2018	299	25%	3.554	10%
Árið 2017	240	19%	3.237	20%

Stundum vill verða að ekki náist full þátttaka á námskeið á vegum Starfsmenntar eða samstarfsaðila Fræðslusetursins og því getur þurft að fella niður námskeið. Árið 2021 þurfti í heildina að fella niður 75 viðburði og afboða 176 manns. Heildarfjöldi þátttakenda árið 2021 varð því 5.859 á móti 2.890 árið á undan (sjá töflu 2 og nánar í kaflanum *Nám, námsleiðir og viðburðir á vegum Starfsmenntar*).

Tafla 2. Framboð og raunfjöldi þátttakenda árið 2021[2]

	Framboð	Fjöldi þátttakenda
Haldin námskeið og viðburðir	350	5.859
Námskeið og viðburðir felldir niður	75	176
Alls	**425**	**6.035**

Hlutfallsleg skipting skráninga eftir stéttarfélagsaðild

Nám á vegum Starfsmenntar er félagsmönnum aðildarfélaga og samstarfssjóða að kostnaðarlausu en aðrir greiða námskeiðsgjöld. Í ársbyrjun 2019 sameinuðust SFR og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar

[1] Gerður er greinarmunur á *skráningum* og *þátttöku* að því leyti að skráningar ná yfir allt framboð hvort sem námskeið eða viðburðir voru haldin eður ei, en þátttaka nær einungis yfir þá viðburði (námskeið/námsleiðir/fyrirlestra/viðburði/verkefni) sem voru framkvæmdir.

[2] Einstaklingsráðgjöf í formi viðtala hjá náms- og starfsráðgjafa telst ekki með í tölum um haldin námskeið og viðburði en skráningar í slík viðtöl eru teknar með í tölum yfir fjölda þátttakenda. Sama gildir um raunfærnimatsverkefni.

í eitt félag *Sameyki – stéttarfélag í almannaþjónustu*, sameiningin breytti þó til að byrja með engu um aðild að Starfsmennt og í tölum vegna ársins 2021 er áfram gerður greinarmunur á þessum tveimur hópum (sjá töflu 3).

Af heildarfjölda skráninga í nám og á viðburði á vegum Starfsmenntar árið 2021 voru 25% úr röðum félagsmanna Sameykis, áður SFR. Næstfjölmennustu hópana af aðildarfélögum BSRB skipa félagsmenn bæjarstarfsmannafélaga Garðabæjar, Kópavogs og Suðurnesja, KSG, og Sameykis, áður Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar. Mikil aukning er í fjölda skráninga félagsmanna stéttarfélaga sem telja ekki til aðildarfélaga Starfsmenntar og er ástæðuna aðallega að rekja til námskeiða um betri vinnutíma í vaktavinnu. Nánari skiptingu skráninga eftir stéttarfélagsaðild er að finna í töflu 3.

Tafla 3. Fjöldi og hlutfallsleg skipting skráninga eftir stéttarfélögum árin 2020 og 2021[1]

	Árið 2021		Árið 2020		
	Skráningar alls	Hlutfall af heildar-skráningu	Skráningar alls	Hlutfall af heildar-skráningu	Hlutfallsleg breyting milli ára
Sameyki (SFR)	1.508	25%	1.052	34%	43%
FFR	187	3%	81	3%	131%
FSS	30	0%	19	1%	58%
Kjölur	216	4%	184	6%	17%
Sameyki (St.Rv.)	539	9%	140	5%	285%
KSG[2]	700	12%	372	12%	88%
Samflot	362	6%	451	15%	-20%
BSRB	336	6%	41	1%	720%
ASÍ	227	4%	94	3%	141%
BHM	1.115	18%	479	15%	133%
Aðrir	815	14%	194	6%	320%
Alls	**6.035**	**100%**	**3.107**	**100%**	**94%**

Fram til ársins 2020 hélt Starfsmennt utan um skráningar þátttakenda á námskeið fyrir starfsfólk stéttarfélaga innan vébanda BSRB og ASÍ. Framkvæmd námskeiðanna er í höndum Félagsmálaskóla alþýðu undir heitinu *Forystufræðsla stéttarfélaganna* og fluttust skráningar á þau námskeið alfarið til Félagsmálaskólans árið 2021.

Starfsmennt hefur umsýslu með námskeiðum fyrir trúnaðarmenn Sameykis. Árið 2021 voru í heildina skipulögð 20 námskeið fyrir trúnaðarmenn og skráðu alls 143 þátttakendur sig á þau. Fimm þessara námskeiða voru felld niður og 6 þátttakendur afboðaðir.

[1] Tölurnar ná einungis yfir nám, námsleiðir og viðburði á vegum Starfsmenntar, þ.e. ekki eru teknar með skráningar í fræðslu á vegum stéttarfélaganna (forystufræðslu og fræðslu fyrir trúnaðarmenn).

[2] KSG stendur fyrir félagsmenn í starfsmannafélögum Kópavogs, Suðurnesja og Garðabæjar.

Vefnám – staðnám – blandað nám

Heimsfaraldur Covid 19 hefur svo sannarlega breytt umhverfi náms og fræðslu enda fer fræðsla að stórum hluta nú fram í gegnum rafræna miðla með aðstoð hugbúnaða eins og Microsoft Teams og Zoom. Árið 2021 sótti áttundi hver þátttakandi hjá Starfsmennt fræðslu á netinu, ýmist í beinni útsendingu eða með því að horfa á myndband eða upptöku. Sjaldnar þurfti að fella niður fyrirhugaða vefviðburði heldur en staðbundna viðburði, sem sýnir að margir vilja helst fá stutta, snarpa fræðslu á vef og best þykir ef viðburðurinn er tekinn upp þannig að hægt sé að horfa á upptöku síðar ef ekki náðist að mæta á útsendingartíma. Í töflu fjögur er nánara yfirlit yfir fyrirkomulag náms og viðburða.

Tafla 4. Vefnám, staðnám, blandað nám árið 2021

	Á vef	Staðbundið	Blandað	Alls
Haldin námskeið og viðburðir	280	61	9	350
Námskeið og viðburðir felldir niður	46	29	–	75
Skipulagðir viðburðir alls	**326**	**90**	**9**	**425**
Þátttakendur	4.776	976	107	5.859
Afboðarar skráningar	59	117	–	176
Skráningar alls	**4.835**	**1.093**	**107**	**6.035**



Hlutfall þátttakenda sem sótti nám/viðburð í staðnámi, vefnámi eða blönduðu námi

4. Nám, námsleiðir og viðburðir á vegum Starfsmenntar

Framboð starfstengds náms á vegum Starfsmenntar var fjölbreytt sem fyrr og snerti á margvíslegum málefnum. Við val á starfstengdu námsframboði var áfram stuðst við niðurstöður greininga á fræðsluþörfum opinberra starfsmanna, gögnum um stafrænu byltinguna, almennri þróun í samfélaginu, gögnum frá evrópsku starfsmenntarstofnuninni Cedefob og frá Alþjóðlegu efnahagsstofnuninni, World Economic Forum.

Nám og viðburðir eftir innihaldi

Áfram er mikil ásókn í námskeið til að auka stafræna hæfni sér í lagi notkun Teams við fjarvinnu og fyrir fjarfundi. Þá eru námskeið til að styrkja einstaklinginn m.a. til að takast á við breytingar í vinnuumhverfi alltaf vinsæl og eftirspurn eftir fræðslu til að styðja stjórnendur við að byggja upp og viðhalda jákvæðri vinnustaðamenningu jókst mjög milli ára.

Verkefnið *Betri vinnutími í vaktavinnu* er samstarfsverkefni opinberra launagreiðenda annars vegar, þ.e. ríkis, Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga og ASÍ, BHM, BSRB og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga hins vegar og byggir á breytingum á kjarasamningum aðila, sem samþykktar voru árið 2020. Um er að ræða einhverjar mestu breytingar á vinnutíma í vaktavinnu í tæplega 50 ár. Samningsaðilar óskuðu eftir því við Fræðslusetrið Starfsmennt að það hefði umsjón með fræðslu til að styðja við farsæla innleiðingu breytinganna. Fræðsluátakið hófst í desember 2020 og stóð fram til loka apríl 2021. Í desember 2021 voru svo haldin tvö upprifjunarnámskeið til að stuðnings breytingunum.

Starfsmennt gerir samninga við marga fræðsluaðila til að auka fjölbreytni námsframboðs og opna á leiðir fyrir aðildarfélaga að sækja sér starfstengda fræðslu. Árið 2021 keypti Starfsmennt sæti fyrir aðildarfélaga í námsleið framhaldsfræðslunnar *Fagnám í umönnun fatlaðra* hjá Framvegis, miðstöð símenntunar og Miðstöð símenntunnar á Suðurnesjum. Námið er alls 364 klst að lengd og hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið samþykkt að meta megi námið til allt að 16 eininga á framhaldsskólastigi. Markhópur námsins eru þau sem vilja starfa við umönnun fatlaðra en námið hentar einnig þeim sem starfa í þjónustu við aldraða og sjúka eða með börnum og unglingum í vanda. Árið 2021 sóttu 35 aðildarfélagar Starfsmenntar þetta starfstengda nám.

Frekari tölur yfir námskeið og fjölda þátttakenda eftir innihaldi náms má finna í töflu 5.

Tafla 5. Innihald námskeiða/viðburða og fjöldi skráninga árin 2018-2021

	2021	2020	2019	2018
20 ára afmæli Starfsmenntar	384	–	–	–
Almennur bókari	–	8	7	13
Áfangar, endurmenntun fangavarða	–	–	17	–
Betri vinnutími í vaktavinnu	2.779	590	–	–
Bókhald og fjármál	36	25	34	21
Endurmenntun atvinnubílstjóra	–	–	10	218
Fagnám í umönnun fatlaðra	35	–	20	–
Fangavarðaskóli	–	–	20	–
Farandfyrirlestur	770	643	506	928
Félagsliði	26	28	42	56
Félags- og tómstundabrú	–	–	1	–
Jafnlaunastaðall	–	13	83	531
Kennslufræði fullorðinna	21	–	15	79
Launaskólinn	138	84	119	11
Læknaritari (nú heilbrigðisgagnafr.)	2	6	–	4
Nýsköpun og gagnrýnin hugsun	40	46	–	–
Opinber stjórnsýsla[1]	10	3	159	–
Opinber stjórnsýsla – fagháskólanám[2]	–	–	24	28
Op. stjórns. – faghásk.(kynning og undirbúningsnámskeið)	–	–	–	44
Raunfærnimat	15	–	8	26
Sérhæft nám	24	–	–	–
Sjálfsstyrking	395	393	704	235
Skjala- og gæðastjórnun	6	50	8	118
Sótthreinsitæknir	–	–	–	18
Starfsþróunarráðgjöf til einstaklinga	49	41	39	166
Stjórnun og heilbrigt vinnuumhverfi	565	46	120	129
Stuðningsfulltrúi	10	5	2	1
Tungumál fyrir atvinnulífið	39	64	40	25
Tölvur og upplýsingatækni	400	644	264	447
Umhverfismál	9	28	–	–
Verkefnastjórnun	59	54	44	86
Viðurkenndur bókari	10	8	29	11
Vísdómur	–	–	21	14
Þjónustustjórnun	202	254	353	316
Þróttur	–	60	72	145
Önnur fræðsla eða viðburðir	11	14	–	–

[1] Undir *opinbera stjórnsýslu* falla námskeið um lögfræði, stjórnsýslurétt og meðferð upplýsinga.

[2] *Fagháskólanám í opinberri stjórnsýslu* var tilraunaverkefni í samstarfi Starfsmenntar og Háskólans á Bifröst sem býður núna upp á diplómanám í opinberri stjórnsýslu sem og heildstæða námsleið til BA prófs.

Samstarf við stofnanir um nám og fræðslu

Starfsmennt vinnur með stofnunum ríkis og sveitarfélaga við þróun og uppsetningu náms og fræðslu fyrir starfsmenn þeirra og getur verið um að ræða eftirfylgni ráðgjafaverkefna þar sem Starfsmennt hefur komið að greiningu fræðsluþarfa í samvinnu við stofnun. Slík námskeið eru félagsmönnum aðildarfélaga og samstarfsaðila Fræðslusetursins að kostnaðarlausu en stofnanirnar greiða fyrir starfsfólk sitt sem ekki fellur undir samstarfssamninga.

Árið 2021 voru skipulögð námskeið fyrir nokkrar ríkisstofnanir og einnig fengu sveitarfélög og stofnanir þeirra aðstoð Starfsmenntar við að setja upp námskeið fyrir starfsmenn m.a. sveitarfélögin í nágrenni höfuðborgarinnar sem halda úti metnaðarfullu fræðslustarfi fyrir starfsfólk við umönnun fatlaðra.

Í heildina voru skipulögð 103 námskeið fyrir stofnanir og sveitarfélög árið 2021 og skráningar voru 1.555. Tólf námskeið þurfti að fella niður og afboða 46 skráða þátttakendur. Alls sóttu því 1.509 þátttakendur fræðslu árið 2021 sem er svipaður fjöldi og árið 2020, sjá nánar í töflu 6.

Tafla 6. Samstarf við stofnanir um nám, fjöldi námskeiða og þátttakenda árið 2021

Stofnun	Námskeið haldin	Námskeið felld niður	Fjöldi þátttakenda
Dómstólasýslan	15	–	159
Fiskistofa	2	–	42
Fjársýsla ríkisins	1	–	12
Fríhafnarskólinn	8	–	123
Húsnæðis- og mannvirkjastofnun	1	–	13
Isavia	15	6	278
Samgöngustofa	3	–	38
Sýslumaðurinn á Suðurlandi	8	–	65
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum	1	–	19
Vinnumálastofnun	1	–	19
Ísafjarðarbær	1	–	3
Reykjanesbær	8	1	122
Seltjarnarnesbær	–	1	–
Suðurnesjabær	1	–	25
SSH-Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæði	26	4	591
Alls	**91**	**12**	**1.509**

Starfsmennt leitast stöðugt við að efla samstarf sitt við stofnanir um eflingu mannauðsins og árið 2021 bauð Fræðslusetrið upp á þrjár vinnustofur um fræðslumál, þar sem sérfræðingar Starfsmenntar hugðust fjalla um þarfagreiningu og skipulag fræðslu og fá kynningu á helstu símenntunarsjóðum fyrir opinbera geirann. Markhópinn skipuðu forstöðumenn, mannauðs- og starfsmannastjórar hjá opinberum stofnunum. Því miður þurfti að fella vinnustofurnar niður sökum þátttökuleysis.

5. Ráðgjöf á sviði fræðslu og mannauðseflingar

Starfsmennt býður stofnunum *Ráðgjafa að láni* til að aðstoða við verkefni sem tengjast fræðslu og mannauðseflingu og hafa það markmið að vekja athygli á mikilvægi símenntunar og styðja við stefnumiðaða starfsþróun innan stofnana. Árið 2021 voru fræðsluþarfir starfsfólks hjá embætti sýslumannsins á Suðurnesjum greindar og í kjölfarið var sett fram starfsþróunaráætlun fyrir embættið. Í lok ársins var haldin kynning og undirbúningur hófst fyrir hæfnigreiningu starfa og þarfagreiningu fræðslu fyrir embætti sýslumanna á landsvísu í samvinnu við Sýslumannaráð. Einnig var þjónusta *Ráðgjafa að láni* kynnt fyrir fulltrúum Reykjavíkurborgar og í kjölfarið var ákveðið að setja af stað verkefni til að greina fræðsluþarfir hjá aðildarfélögum Starfsmenntar sem starfa á þremur sviðum borgarinnar. Undirbúningur hófst í árslok 2021 en framkvæmdin fer fram á árinu 2022.

Einstaklingar geta einnig sótt ráðgjöf til Starfsmenntar og hefur ráðgjöfin það markmið að hvetja þátttakendur til ábyrgðar á eigin starfsþróun og að benda á leiðir til náms bæði innan formlega skólakerfisins og þess óformlega t.d. á vettvangi Starfsmenntar og framhaldsfræðslunnar. Ráðgjöfinni er ætlað að auðvelda fólki að átta sig á styrkleikum sínum, færni og áhuga til að eiga hægara með að ákveða stefnu í námi og starfi. Þjónustan er að hluta til fjármögnuð úr Fræðslusjóði sem byggir á ákvæðum laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Árið 2021 var heildarfjöldi viðtala hjá ráðgjafa Starfsmenntar 49 og er það nokkuð svipað og var árið á undan þegar ráðgjafaviðtölin voru 41.

Félagsmenn Sameykis eru í miklum meirihluta þeirra sem sækja starfsþróunarráðgjöf hjá Starfsmennt en hún er opin öllum félagsmönnum BSRB endurgjaldslaust. Fleiri konur sækja þjónustuna en karlar og flest eru 35 ára eða eldri. Þrjú viðtöl snerust um aðstoð við gerð ferilskrár vegna starfsleitar, í níu viðtölum var aðallega rætt um nám og námsleiðir, í 21 viðtali fengu einstaklingar aðstoð náms- og starfsráðgjafa við að greina áhugasvið sín og í 16 viðtölum snerust umræður um persónuleg málefni, líðan og leiðir til sjálfsstyrkingar. Meirihluti viðtala fór fram í húsnæði Starfsmenntar að ósk þeirra sem nýta sér þjónustuna. Sjá nánari skiptingu í töflu 7.

Tafla 7. Fjöldi ráðgjafaviðtala árið 2021 eftir kyni, aldri, stéttarfélagi og niðurstöðu viðtals

	Fjöldi viðtala	Hlutfall
Kyn		
Kona	43	88%
Karl	6	12%
Aldur		
Yngri en 35 ára	8	16%
35-50 ára	26	53%
51-65 ára	15	31%
Stéttarfélag		
Sameyki	38	78%
BSRB - aðrir	11	22%
Utan BSRB	–	–
Niðustaða viðtals		
Aðstoð við gerð ferilskrár vegna starfsleitar	3	6%
Áhugasviðsgreining	21	43%
Sjálfsstyrking	16	33%
Upplýsingar um nám og námskeið	9	18%
Form viðtals		
Staðbundin viðtöl	41	84%
Rafræn viðtöl	8	16%

6. Þróunarverkefni, samstarf og kynningar

Starfsmennt tekur þátt í ýmis konar þróunarverkefnum á sviði starfsþróunarmála og kynnir þjónustu sína hvenær sem færi gefst.

Innlent samstarf og þróunarverkefni

Tilraunaverkefni um raunfærnimat á móti viðmiðun atvinnulífs

Tilraunaverkefni um raunfærnimat á móti viðmiðum starfs sérhæfðs fulltrúa á 3.hæfniþrepi lauk vorið 2021 með þjálfun þátttakenda og útskrift. Alls hófu 17 þátttakendur vegferðina en tveir þeirra skiptu um starf á tímabilinu og hættu þar með þátttöku í verkefninu. Samstarfsaðilar Starfsmenntar voru Vinnumálastofnun, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Fræðslumiðstöð atvinnulífs (FA) og Sameyki – stéttarfélag í almannaþjónustu. Verkefnið var hluti af tilraun FA um raunfærnimat á móti viðmiðum fimm starfa[1], fjögur þeirra voru á almenna markaðinum en starf sérhæfðs þjónustufulltrúa var eina opinbera starfið.

Þegar Starfsmennt hafði samband við stofnanirnar um þátttöku í verkefninu kom i ljós að það hentaði vel þar sem fyrirséðar voru breytingar á störfum þar sem einfaldari verkefni voru að stafvæðast en flóknari úrlausnir þörfnuðust mannshugans. Í stað uppsagna vildu stofnanirnar frekar geta þjálfað sitt fólk til að takast á við þessar breytingar en vantaði verkfærið til að draga sérhæfða færni starfsfólks betur fram og máta hana við hæfnikröfur verkefna í nýju starfi.

Verðlaun fyrir tilraunaverkefni um raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífs

Starf fulltrúa I hjá Vinnumálastofnun (VMST) er dæmi um starf sem er að hverfa í núverandi mynd með aukinni sjálfvirkni. Þess vegna skapaðist tækifæri til að tengja raunfærnimatið beint þeim breytingum sem fyrirséðar voru á starfsstöðinni á Skagaströnd og bjóða starfsfólki upp á mat á hæfni sinni á móti hæfnikröfum starfs fulltrúa III. Að matinu loknu var boðið upp á þjálfun á vinnustað sem var sérsniðin að þörfum hvers þátttakanda fyrir sig og einnig voru haldin almenn námskeið til að auka enn frekar hæfni starfsfólks með það að markmiði að það gæti flust yfir í starf fulltrúa III.

[1] Sjá nánari umfjöllun um tilraunaverkefnið í grein Lilju Rósar Óskarsdóttur á vef FA, Raunfærnimat í atvinnulífinu – breyttur veruleiki með 4. iðnbyltingunni – Gátt (frae.is).

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) stóð frammi fyrir þeirri áskorun að störf í þjónustuverum voru að taka breytingum og meiri þörf fyrir sérhæft starfsfólk sem gat sinnt margvíslegri ráðgjöf og úrlausn flóknari verkefna. Í tilraunaverkefninu var færni hvers starfsmanns metin og skipulögð þjálfun í kjölfarið sem miðaði að því að þátttakendur næðu þeirri hæfni sem þurfti til að sinna flóknara starfi.

Ákveðið var að nota starfaprófíl sérhæfðs þjónustufulltrúa sem viðmið um hæfinkröfur starfs en skv. honum krefjast verkefni starfsins hæfni á þriðja þrepi íslenska hæfnirammans um menntun. Hæfni starfsmanna í raunfærnimatinu var metin á móti kröfum þessa starfs. Að loknu raunfærnimati og sérhæfðri þjálfun fengu þátttakendur afhent fagbréf sem staðfestir hæfni þeirra á þriðja þrepi íslenska hæfnirammans um menntun. Fagbréfið er gefið út af Fræðslumiðstöð atvinnulífs.

Þátttakendur fengu þannig raunfærni sína metna og í kjölfarið þjálfun á vinnustað sem var sérsniðin að hverjum starfsmanni, auk námskeiða sem hentuðu hópnum með það að markmiði að öll næðu þau þeirri hæfni sem þarf til að inna starf sérhæfðs þjónustufulltrúa vel af hendi. Samhliða því að fá hæfni sína metna og staðfesta fékk starfsfólk tækifæri til að þjálfa sig til að takast á við flóknari verkefni og hafði það jákvæð áhrif á starfsþróun þeirra og kjör.

Á alþjóðlegri ráðstefnu um raunfærnimat, VPL Biennale, sem haldin var í Reykjavík í maí 2022, voru veitt fjögur verðlaun fyrir raunfærnimatsverkefni. Eitt þeirra kom í hlut Starfsmenntar fyrir tilraunaverkefni um raunfærnimat á móti viðmiðum starfs sérhæfðs þjónustufulltrúa.

Samstarf um nám til að efla tölvufærni og tæknilæsi

Starfsmennt kaupir sæti á námskeiðum fyrir markhóp sinn hjá ýmsum fræðsluaðilum um allt land og kennarar á námskeiðum Starfsmenntar koma víðs vegar að. Á haustmánuðum sóttist Starfsmennt eftir samstarfi við Framvegis um nám skv. nýrri námskrá framhaldsfræðslunnar *Tæknilæsi og tölvufærni: vinnuumhverfi samtímans* sem Framvegis hafði þróað með styrk úr Fræðslusjóði. Um 45 klst nám er að ræða á 2. þrepi hæfniramma um íslenska menntun. Náminu er ætlað að ná til þeirra einstaklinga innan markhóps framhaldsfræðslu sem líklegir eru til að sitja eftir á vinnumarkaði sökum tækniframfara og breytinga á störfum sem þær hafa í för með sér. Námið skiptist í eftirtalda 6 námsþætti, sem voru útfærðir hver og einn sem sérstakt námskeið:

- Tæknifærni og tæknilæsi
- Stýrikerfi
- Skýjalausnir
- Sjáfvirkni og gervigreind
- Öryggisvitund
- Fjarvinna og fjarnám

Opnað var fyrir skráningar á tólf námskeið (hver námsþáttur í boði tvisvar sinnum) í október og nóvember 2021. Markhópur námsins voru allir aðildarfélagar Starfsmenntar þ.e. ekki einungis þau sem falla í markhóp framhaldsfræðslunnar. Því miður var áhuginn ekki nægur til að hægt væri að halda nema eitt námskeið um það hvernig skýjalausnir virka.

Þróttur – þróun raunfærnimats til styttingar nám í framhaldsfræðslu

SÍMEY á Akureyri hafði árið 2020 þróað nám sem byggir á prófílum starfs í íþróttahúsi og starfs sundlaugavarðar og fengið vottun á náminu hjá Menntamálastofnun (MMS). Í kjölfarið hófst þróunar-vinna við gerð raunfærnimats til styttingar á náminu skv. námskránum og átti Starfsmennt fulltrúa í stýrihópi þess verkefnis. Tilraunaverkefni um raunfærnimat til styttingar á námi skv. þessum tveimur námskrám framhaldsfræðslunnar fór fram haustið 2021 og lauk í desember. Þátttakendur voru 19 og stóðust allir raunfærnimatið að fullu.

Samstarf um þróun fullorðinsfræðslu og mannauðsstjórnun

Starfsmennt er aðili að Leikn, samtökum fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi. Aðalfundur Leiknar var haldinn í húsnæði Starfsmenntar í Skipholti þann 28. maí 2021 og var fundinum einnig streymt á vef. Á aðalfundinum lét framkvæmdastjóri Starfsmenntar af störfum sem gjaldkeri Leiknar og vék úr stjórn.

Framkvæmdastjóri á sæti í sérfræðingahópi EPALE hér á landi, sem er samstarfsnet fullorðinsfræðsluaðila í Evrópu og Rannís sér um fyrir Íslands hönd. Þá á Starfsmennt fulltrúa í stjórn faghóps um mannauðsstjórnun hjá Stjórnvísi.

Erlent samstarf

Í febrúar 2021 hlaut Starfsmennt viðurkenningu sem aðili að Erasmus+ (e. *accreditation*) vegna náms- og þjálfunarverkefna í Erasmus+ áætlun ESB. Slík aðild krefst þess að Starfsmennt sé með áætlun um evrópskt samstarf og geri grein fyrir því í umsókn um aðild hvernig Fræðslusetrið hyggst nýta erlent samstarf til eflingar hæfni starfsfólks, stjórnar og hagsmunaaðila og nýta þann lærdóm sem fæst úr slíku samstarfi til enn frekari þróunar á starfinu.

Transforming VET 4.0, erlent samstarfsverkefni

Erlenda samstarfsverkefninu *Transforming VET 4.0* lauk formlega síðla árs 2021, þegar búið var að skila lokaskýrslu og uppgjöri til landsskrifstofu Erasmus+ í Þýskalandi. Verkefnið laut að þeim áskorunum sem starfsmenntun og kennarar innan starfsmenntunar standa frammi fyrir í tengslum við fjórðu iðnbyltinguna. Það var styrkt úr Erasmus+, menntaáætlun ESB, og komu samstarfsaðilar frá Þýskalandi, Hollandi og Finnlandi.

Lokafundur samstarfshópsins var haldinn á Teams dagana 10.–12. maí 2021 og var í umsjón Starfsmenntar. Hópurinn fékk kynningu frá Iðunni fræðslusetri, Borgarholtsskóla, Háskóla Íslands, Fræðslumiðstöð atvinnulífs, European Basic Skills Network, Unesco og Starfsmennt.



Lokafundur í samstarfsverkefninu Transforming VET 4.0 fór fram á Teams í maí 2021

Com(m)-online – erlent samstarfsverkefni

Verkefnið *Com(m)-online: Creating, guiding and coaching professional learning communities in an online learning environment* hefur það markmið að styðja við stafræna færni og kennslufræðilega þekkingu þeirra sem vinna við fullorðinsfræðslu. Meðal þess sem fjallað er um á vettvangi *Com(m)-online* er hvað þarf að hafa í huga þegar námssamfélög eru byggð upp á netinu, hvaða samskiptareglur þurfi að gilda og hvernig eigi að stýra væntingum þátttakenda og kennara. Segja má að verkefnið hafi

komið á hárréttum tíma þar sem kennsluhættir hafa tekið miklum breytingum síðastliðin ár sökum kórónaveirufaraldursins.

Verkefnið er styrkt af Erasmus+, menntaáætlun Evrópusambandsins, og samstarfsaðilar koma frá Belgíu, Makedóníu, Spáni, Skotlandi og Íslandi, en auk Starfsmenntar tekur Fræðslumiðstöð atvinnulífs þátt í samstarfinu. Sökum kórónaveirunnar var ekki hægt að halda staðbundna fundi til að fylgjast með kennslu og læra hvert af öðru eins og áætlað var. Þess vegna var sótt um framlengingu verkefnisins og fékkst það framlengt um sex mánuði eða til miðs árs 2023.

Kynningar og viðburðir í tilefni 20 ára afmælis Starfsmenntar

Starfsmennt fagnaði 20 ára afmæli sínu á árinu og voru nokkrir viðburðir og verkefni sérstaklega tengd afmælisárinu. Þann 14.október bauð Starfsmennt til afmælisveislu á Grand hótel og sáu 75 manns sér fært að mæta. Herdís Pála Pálsdóttir, vinnumarkaðsfræðingur og stjórnendamarkþjálfi, hélt erindi um áskoranir á vinnumarkaði, breyttar væntingar nýrrar kynslóðar starfsmanna og aukningu svokallaðra gigg-verkefna.

Það var glatt á hjalla í afmælisveislu Starfsmenntar í október

Leitað var til Hugsmiðjunnar um stuðning við að auglýsa námskeið til að efla stafræna hæfni og ókeypis veffyrirlestra. Þrátt fyrir viðleitni auglýsingastofunnar til að ná til markhóps Starfsmenntar náðist ekki lágmarksfjöldi á nema eitt námskeið. Öðru máli gegndi um opnu veffyrirlestranna, sem boðið var upp á í september til nóvember. Fyrirlestrarnir voru sex talsins og í desember gafst fólki tækifæri til að nálgast upptökur af þeim öllum til að horfa á. Alls sóttu ríflega 300 manns þessa fyrirlestra eða horfðu á upptökur af þeim.

Starfsmennt nýtir veffréttabréf og samfélagsmiðlana Facebook og Instagram til að vekja athygli á námskeiðum og málefnum sem tengjast fræðslu og mannauðseflingu. Árið 2021 var sent 81 veffréttabréf á póstlista Starfsmenntar.

Í febrúar 2021 birtist greinin *Stafræn hæfni – skrefi nær* í Gátt, riti framhaldsfræðslunnar sem Fræðslumiðstöð atvinnulíf gefur út. Höfundur er Júlía Hrönn Guðmundsdóttir og fjallar greinin um stafræna hæfni og þróun fræðslumyndbanda við *Stafræna hæfnihjólið*. Í apríl sama ár birtist greinin *Hvað gera opinberir starfsmenn annað en að naga blýanta?* eftir framkvæmdastjóra Starfsmenntar í blaði Sameykis. Greinin fjallar um þá margvíslegu hæfni sem störf innan opinbera geirans krefjast.

Framkvæmdastjóri hélt erindi á menntadegi BSRB þann 24.mars 2021, Starfsmennt hafði áætlað að vera með kynningarbás á þingi BSRB en sökum Covid var þingið lokað utanaðkomandi aðilum.

7. Fjármögnun og rekstur

Heildartekjur árið 2021 námu ríflega 166 m kr og er það um 30% aukning frá fyrra ári þegar tekjurnar námu tæpum 128 m kr. Skýringarnar eru þær helstar að framlag skv. skilagreinum jókst um 11,5 m kr milli ára og tekjur vegna seldra námskeiða og sérverkefna jukust um 38 m kr. Framlag Fræðslusjóðs vegna verkefna á sviði framhaldsfræðslu árið 2021 nam 1,1 m kr en skila þurfti um 700 þúsund til baka þar sem ásókn í náms- og starfsráðgjöf varð minni en áætlað var í upphafi. Hrein eign í árslok 2021 nam tæplega 74 m kr. Yfirlit yfir hlutfallslega skiptingu rekstartekna má sjá í töflu 8.

Tafla 8. Hlutfallsleg skipting rekstrartekna

	2021	2020	2019	2018	2017	2016
Samkvæmt skilagreinum frá stofnunum	63,8%	74%	50,3%	55,1%	73,9%	59,9%
Þróunar- og símenntunarsjóður Sameykis	0,0%	6,6%	26,7%	27,4%	0,0%	16,5%
Þróunar- og símenntunarsjóður bæjarstarfsmannfélaga hjá ríkinu	0,0%	0,0%	1,1%	1,2%	0,0%	0,8%
Námskeiðstekjur og verkefnastyrkir	35,9%	17,0%	19,9%	14,5%	20,4%	22,8%
Fræðslusjóður /Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	0,3%	2,4%	2,0%	1,8%	5,7%	0,0%
Alls	**100%**	**100%**	**100%**	**100%**	**100%**	**100%**

Heildarútgjöld Starfsmenntar voru þau sömu árið 2021 og árið á undan eða um 140 m kr. Kostnaður vegna náms og þjónustu var næstum 9 m kr lægri árið 2021 en árið á undan. Kostnaður vegna launa og reksturs hækkaði hins vegar um tæpar 8 m kr milli ára. Launakostnaður nam ríflega helmingi útgjalda árið 2021 en annar rekstrarkostnaður er nærri fimmtungur útgjalda. Fjórðungur útgjalda er vegna náms og þjónustu, sjá nánar í töflu 9.

Tafla 9. Hlutfallsleg skipting rekstrargjalda

	2021	2020	2019	2018	2017	2016
Launakostnaður	54,6%	51,8%	49,9%	47,9%	49%	36%
Annar rekstrarkostnaður	19,8%	16,5%	15,7%	17,4%	18%	20%
Nám og þjónusta	25,6%	31,6%	34,4%	34,7%	33%	44%
Alls	**100%**	**100%**	**100%**	**100%**	**100%**	**100%**

Þjónusta Starfsmenntar snýr annars vegar að því að greiða leið opinberra starfsmanna og starfsmannahópa að ýmis konar fræðslu. Bæði er um að ræða almenn námskeið, sem miða að því að efla alhliða starfshæfni, sem og lengri sérhæfðari námsleiðir, sem byggja á námslýsingum og viðurkenndum námskrám. Þá aðstoðar setrið einnig félagsmenn aðildarfélaga við að sækja starfsnám innan framhaldsskólanna sem tengist starfsvettvangi þeirra.

Hins vegar snýr þjónusta Starfsmenntar að ráðgjöf til stofnana og stjórnenda um ýmis mannauðstengd málefni svo sem ábendingar og tillögur að áherslum í fræðslu innan stofnana og stuðningur við framkvæmd fræðslu þar sem Starfsmennt býr að víðtæku samstarfsneti sérfræðinga og fræðsluaðila. Fræðsla hjá opinberum stofnunum getur bæði verið almenn og miðað að því að efla starfsanda, styrkja mannauðsstjórnun og auka vitund um mikilvægi símenntunar og starfsþróunar sem og sérhæfð, þar sem sérfræðingar í tilteknum málefnum eru fengnir til að halda námskeið til að auka þekkingu og efla hæfni starfsmanna.

Verkefnin eru unnin í samstarfi við ýmsa fræðslu- og mannauðssjóði eins og Þróunar- og símenntunarsjóð Sameykis, Mannauðssjóð KJALAR, Mannauðssjóð Samflotsins og Mannauðssjóð KSG[1]. Einnig semur setrið við Starfsþróunarsetur háskólamanna og fræðslusjóði SGS félaga (Ríkismennt og Sveitamennt), með það fyrir augum að greiða aðgengi starfsfólks í nám og auðvelda stofnunum að samnýta nám og ráðgjöf.

